

REGLUGERÐ BÍS UM STÖRF SKOÐUNARMANNA REIKNINGA BÍS OG DÓTTURFÉLAGA

Samþykkt á stjórnarfundi BÍS, 31. mars 2025



1. GREIN

Félagsleg skoðun reikninga BÍS og dótturfélaga er í höndum þriggja manna félagslegrar skoðunarnefndar sem Skátaþing kýs til tveggja ára í senn. Hlutverk skoðunarmanna er að skoða hvort ráðstöfun fjármuna BÍS og dótturfélaga þess sé í samræmi við ákvarðanir Skátaþings, stjórnna BÍS og dótturfélaganna og fjárhagsáætlana.

2. GREIN

Skoðunarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir skulu hafa þá reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum sem með hliðsjón af starfsemi og stærð félagsins er nauðsynleg til rækslu starfans. Skoðunarmaður skal uppfylla óhæðisskilyrði [V. kafla laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun](#). Þeir mega því ekki sinna öðrum störfum fyrir BÍS sem snerta fjármál, né sitja í stjórn þeirra félaga sem þeir taka til skoðunar. Þeir bera ábyrgð gagnvart Skátaþingi og skulu eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi BÍS og er stjórn BÍS og stjórnnum dótturfélaga skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess eins og getið er um í 27. grein laga BÍS.

3. GREIN

Skoðunarmenn skulu greina stjórn viðkomandi félags frá því verði þeir þess áskynja að ráðstöfun fjármuna BÍS eða dótturfélags þess sé ekki í samræmi við ákvarðanir Skátaþings, stjórnar félagsins eða fjárhagsáætlunar. Sama gildir ef skoðunarmenn uppgötva misferli eða sviksemi af hálfu starfsmanna eða sjálfboðaliða. Geri stjórn ekki viðhlítandi úrbætur skulu skoðunarmenn upplýsa Skátaþing um stöðu mála.

4. GREIN

Hér á eftir koma verklagsreglur sem taka á helstu þáttum skoðunarvinnunar. Þær eru þó ekki tæmandi og verða skoðunarmenn alltaf að nota dómgreind sína við mat á því hvort þessar aðgerðir dugi til eða hvort skoða þurfi nánar. Hafi einstakir liðir verið teknir fyrir við könnun löggilts endurskoðanda er skoðunarmönnum heimilt að vísa til þeirrar vinnu og sleppa því að vinna hana sjálfir. Skoðunarmenn geta skipt með sér verkum þannig að ekki fari allir skoðunarmenn yfir alla liði.

Verklagsreglur skoðunarmanna reikninga:

- Fara yfir ársreikninginn með löggiltum endurskoðanda BÍS og kanna hvort eitthvað hafi komið fram í hans vinnu.

- Fara yfir fundargerð Skátapings með tilliti til þeirra fjárhagslegu ákvarðana sem teknar voru á þinginu.
- Fara yfir fundargerðir stjórnar með tilliti til þeirra fjárhagslegu ákvarðana sem teknar hafa verið á árinu.
- Fara yfir fjárhagsáætlun og bera saman við ársreikning. Veruleg frávik frá fjárhagsáætlun skulu könnuð nánar.
- Athuga hvort ráðstöfun fjármuna í verkefni sé í samræmi við ákvarðanir Skátapings, stjórnar og/eða fjárhagsáætlunar, eftir því sem við á.
- Yfirfara bankaafstemmingar í árslok.
- Kanna hvort kaup og sala á fastafjármunum sé í samræmi við ákvarðanir Skátapings, stjórnar og/eða fjárhagsáætlunar, eftir því sem við á.
- Kanna hvort ný lántaka sé í samræmi við ákvarðanir Skátapings, stjórnar og/eða fjárhagsáætlunar, eftir því sem við á.
- Yfirfara viðskiptakröfur með tilliti til niðurfærslu og afskriftir krafna.
- Fara yfir útborganir til framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og annara lykilaðila og kanna hvort þær eigi rétt á sér.
- Fara yfir greiðslukort sem eru á kennitölu BÍS og dótturfélaga með það í huga hvort allur kostnaður þar hafi í raun verið í þágu BÍS eða dótturfélaga.